Ferðamálaáætlun
2006 – 2015



# Ferðamálaáætlun 2006 – 2015.

## STAÐA VERKEFNA

## 2006.

**Magnús Oddsson, ferðamálastjóri**

# Aðdragandi og tilurð



## Ferðamálaáætlun 2006 - 2015

- Samgönguráðherra ákvað haustið 2003 að láta í fyrsta sinn vinna tillögu að ferðamálaáætlun til 10 ára
- Aðferðafræði – sbr. samgönguáætlun
- Ráðherra hafði á árunum 2000-2003 látið vinna skýrslur um afmarkaða grunnmálaflokka ferðaþjónustunnar sem undanfara áætlunarinnar
- Unnið var því að undirbúningi áætlunarinnar með vinnslu á miklu magni undirgagna og söfnun upplýsinga

# Aðdragandi og tilurð



- Helstu grunnskýrslur
  - Auðlindin Ísland
  - Menningartengd ferðaþjónusta
  - Heilsutengd ferðaþjónusta
  - Íslensk ferðaþjónusta - Framtíðarsýn
- Að auki margar fleiri, s.s. skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ um flug- og ferðaþjónustu á Íslandi.

# Form áætlunarinnar

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

- Samanþjöppuð þingsályktunartillaga
- Viðamikil greinargerð og fylgiskjöl
- Megináætlun til 10 ára
- Aðgerðaáætlun er tekur til 5 ára
    - Markmið og leiðir
    - Skýr ábyrgð framkvæmdaaðila

- Ný aðgerðaáætlun verði gerð árið 2009 er taki til áranna 2011 - 2015

# Meginmarkmið ferðamálaáætlunar 2006 – 2015:

- Náttúra Íslands, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.
- Tryggð verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni.
- Álag vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna.
- Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.



# Áætlunin

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

## Sett voru fram markmið og leiðir í tíu undirflokkum sem tóku til:

- Rekstrarumhverfis
- Kynningarmála
- Laga og reglna
- Nýsköpunar/Þróunar
- Rannsókna

- Grunngerðar
- Fjölþjóðasamstarfs
- Gæða- og öryggismála
- Umhverfismála

Menntunarmála

# Áætlunin



- Aðgerðaáætlun
  - Aðgerðir settar fram fyrir hvern málaflokk
    - Tímasettar

# Staða verkefna fyrsta árs



Í samræmi við áætlunina voru í febrúarmánuði 2006 skilgreind 12 verkefni í fyrsta áfanga áætlunarinnar og hafin vinna við þau.

Fjöldi verkefna er í eðli sínu án upphafs og endis og í sívinnslu

# Staða verkefna fyrsta árs



1. Skilgreining á lágmarkskröfum til upplýsingamiðstöðva og auðkenni þeirra.

*Verkefninu lauk í sumar og liggur þessi skilgreining því fyrir*

# Staða verkefna fyrsta árs

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

2. Þarfagreining um nauðsynlegar rannsóknir í ferðaþjónustu.

*Verkefninu er lokið og Ferðamálastofa mun í framhaldinu gera tillögu um forgangsröðun rannsókna og senda ráðuneytinu.*

# Staða verkefna fyrsta árs

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

3. Úttekt á stöðu deiliskipulags á fjölsóttum ferðamannastöðum.

*Verkefninu lauk í sumar og er nú unnið að forgangsröðun vegna þeirra staða sem ekki eru með deiliskipulag.*

*Verklok þess hluta: 1. janúar 2007*

# Staða verkefna fyrsta árs

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

4. Samanburður á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu á Íslandi og öðrum Norðurlöndum

*Verkefnið er í vinnslu hjá verktaka í Danmörku og áætluð verklok eru í janúar 2007*

# Staða verkefna fyrsta árs

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

## 5. Flokkun ráðstefnuaðstöðu

*Skoðaðir hafa verið nokkrir staðlar m.a Horesta,sem hefur verið þýddur.*

*Þetta verður á næstu vikum unnið nánar þ.e. útfærsla og staðfæring í samvinnu við greinina.*

*Verði tilbúinn til notkunar á árinu 2007*

# Staða verkefna fyrsta árs

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

6. Gæðakönnun meðal innlendra og erlendra ferðamanna.

*Könnun meðal innlendra ferðamanna lokið. Ekki farið í könnun meðal erlendra 2006 enda slík könnun í gangi hjá SAF*

# Staða verkefna fyrsta árs

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

7. Rannsóknir á áhrifum nýsköpunar á vöxt í ferðaþjónustu.

*Þetta verkefni er enn á undirbúningsstigi og óljóst um verklok*

# Staða verkefna fyrsta árs

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

8. Stofnun gagnamiðstöðvar um tölfræði og rannsóknir í ferðaþjónustu.

*Mjög viðamikið verkefni vegna hugbúnaðar/ samninga við eigendur gagna o.fl.*

*Verklok eru áætluð 1. apríl 2007*

# Staða verkefna fyrsta árs

9. Einföldun á kvartanaferli fyrir ferðamenn.

Hægt verði að koma kvörtunum rafrænt á framfæri á einföldu formi.

*Verkefninu að ljúka. Slíkt form er komið á vef Ferðamálastofu til notkunar fyrir neytendur.*

# Staða verkefna fyrsta árs

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

10. Rafrænt bókunarkerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu.

*Staða verkefnis er sú að farið er að “prufukeyra” á erlendum vef Ferðamálastofu.*

*Gert ráð fyrir að opnað verði fyrir rafrænar bókanir á öllum ( 12) vefsvæðum Ferðamálastofu í byrjun árs 2007*

# Staða verkefna fyrsta árs

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

11. Samstarf við Almannavarnir um nauðsynlega þjónustu við ferðamenn.

*Samstarf er hafið við almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra um nauðsynlega þjónustu. Í reynd eru engin verklok sem slík.*

# Staða verkefna fyrsta árs

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

## 12. Markaðsrannsóknir.

Í Ferðamálaáætluninni er gert ráð fyrir markaðsrannsóknum á okkar helstu markaðssvæðum svo og á nýjum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir stöðu ýmissa markaðsrannsókna nýlegra og væntanlegra

# Staða markaðsrannsókna

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

Nokkar nýlegar rannsóknir hafa verið gerðar á erlendum mörkuðum með vísan til Íslands. Þær stærstu hafa verið unnar í N-Ameríku og í Evrópu á vegum verkefnisisins Iceland Naturally.

Því má segja að með markaðskönnun IN í Evrópu og N- Ameríku liggi fyrir nýlegar niðurstöður á þessum stærstu markaðssvæðum okkar

# Staða markaðsrannsókna

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

Í ferðamálaáætlun er gert ráð fyrir að gera markaðsrannsóknir á fjarmörkuðum okkar, sem nauðsynlegs undanfara almennrar markaðsvinnu fyrir Ísland.

Á næstu vikum verða kynntar niðurstöður markaðsrannsóknar sem hefur verið unnin í Asíu fyrir Norðurlöndin í heild þar sem þó er spurt um hvert land fyrir sig  og var rannsóknin kostuð af tekjum Ferðamálaráðs Norðurlanda

# Staða markaðsrannsókna

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

Þá eru nýlega komnar niðurstöður úr sameiginlegri markaðsrannsókn Norðurlandanna í Póllandi.

Þá hafa í ár verið unnar markaðsrannsóknir á Indlandi og í Rússlandi á fyrir aðildarríki ETC og kostað af þeim.

# 10 ára verkefnalisti

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

Hér hefur aðeins verið farið yfir stöðu þeirra 12 verkefna úr aðgerðaráætlun sem voru sett fyrst í vinnslu hjá Ferðamálastofu fyrsta ár áætlunarinnar.

Í sumum tilfellum þarf síðan að taka ákvarðanir um **aðgerðir** byggðar á niðurstöðum verkefnanna

# 10 ára verkefnalisti

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

Nokkur verkefni sem eru í áætluninni og er þegar lokið eða í farvegi annars staðar en hjá Ferðamálastofu:

- Endurskoðun laga um skipulag ferðamála
- Tryggt verði aðgengi að hröðu fjarskiptaneti við fjarnám
- Sameining leyfa í veitingarekstri
- Hagstofunni verði falin gerð hliðarreikninga við þjóðhagsr. (Satellite Account)

# 10 ára verkefni

Ferðamálaáætlun
2006 – 2015

Áfram verður haldið með listann og í febrúar 2007 verður listi næstu 12 mánaða kynntur og tímasettur með hliðsjón af því hvaða ný verkefni hafa orðið til vegna niðurstaðna eða breyttra aðstæðna.

# Endalaus lifandi verkefnalisti



Verkefnalistinn hefur þegar á fyrsta ári tekið breytingum í takt við þróun greinarinnar.

Á næstu 9 árum verða miklar breytingar á verkefnum, enda gengið út frá því að Ferðamálaáætlunin lagi sig að þörfum greinarinnar við þróun ferðaþjónustunnar til frekari arðsemi fyrir greinina og þjóðarbúið

# Sameiginlegt verkefni



Okkar hlutverk í sameiningu að tryggja framkvæmd áætlunarinnar því þar eru gerðar kröfur til allra aðila:

Stjórnvalda

Greinarinnar

Neytenda






STÆRSTA VERKEFNI
FERÐAMÁLAÁÆTLUNAR 2006-2015
ER ÞVÍ:

**SAMSTARF OKKAR ALLRA AÐ NÁ SETTUM MARKMIÐUM**